

Starfsleyfi

Málningarverksmiðju Málningar hf., Dalvegi 18, Kópavogi

Kt. 450269-4849

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Málningarverksmiðju Málningar hf., Dalvegi 18, Kópavogi, kt. 450269-4849. Komi nýr aðili að rekstri verksmiðjunnar getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.2. Lýsing á starfseminni

Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 2,2 milljónir lítra af málningu og 150 000 lítra af þynnum og 150 000 lítra af lími og lökkum á ári í verksmiðjunni. Starfsleyfið tekur til framleiðslunnar og tengdrar þjónustu að Dalvegi 18.

1.3. Mengunarvarnir

Málning hf. skal nota bestu fánlegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta vel orku. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir). Fyrirtækið hefur frest til **31. okt. 2007** til þess að koma þessu ákvæði í framkvæmd sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.4. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist er í þær.

1.5. Gangsetning/stöðvun rekstrar

Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu verksmiðju ef vinnsla hefur legið niðri í meira en mánuð. Verði rekstri hætt varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi eða afgangi efnavöru sé fargað á viðurkenndan hátt. Tilkynna skal eftirlitsaðila innan þriggja mánaða frá stöðvun rekstrar um ráðstafanir sem gerðar hafa verið.

1.6. Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni skal rekstraraðili, í samráði við Umhverfisstofnun, hrinda í framkvæmd áætlun um að draga úr mengun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðun starfsleyfis sbr. 21. gr. reglugerðarinnar. Ef nauðsynlegt reynist að mati stofnunarinnar skal rekstraraðili sækja um nýtt starfsleyfi.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

2.1. Frágangur hráefnistanka fyrir lífræn efni

Frágangur hráefnistanka og þróa skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá landi. Teikningar frágangur og mengunarvarnir skulu samþykktar af Umhverfisstofnun. Ef leki kemur að tanki skal tryggt að efni sem lekur út fari ekki í frárennsli, en verði endurnýtt eða fargað sem málningar- eða leysiefna úrgangi.

2.2. Frágangur ammoníakstanks

Tankur með 25% ammoníaklausn skal vera tryggilega festur og frágenginn. Undir honum skal vera safntankur sem tekur rúmlega það magn sem rúmast í tankinum. Verði leki að tankinum skal úrgangi fargað á viðurkenndan hátt. Sé tankurinn utanhúss skal regnvatn tæmt reglulega úr safntanki og ávallt tryggt að safntankurinn taki við því magni sem getur verið í ammoníakslausnartankinum.

2.3. Geymsla utandyra

Öll geymsla hráefna utandyra skal vera á afgirtu svæði, þar sem óviðkomandi hafa ekki aðgang. Ef nota skal geymslugám á lóð verksmiðjunnar skal leyfi hlutaðeigandi byggingaryfirvalda liggja fyrir

2.4. Vinnsla

Öll framleiðsla og meðhöndlun hráefnis er tengist framleiðslu skal vera innandyra.

2.5. Hættuleg efni

Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í niðurföll, jarðveg eða andrúmsloft né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.

2.6. Hreinsun frárennslis

Vatn frá skolun og þrifum á málningarpottum og niðurföllum í verksmiðju skal forhreinsað áður en því er veitt í safnræsi eða til skólphreinsistöðvar. Frárennsli skal leitt í gegnum tveggja hólfa setþró og skal seti úr fremra hólfi dælt reglulega upp í samráði við eftirlitsaðila. Hreinsunin skal framkvæmd af viðurkenndum aðila.

2.7. Olíuskilja

Frárennsli frá opnum niðurföllum úr þróm birgðatanka, útiporti og áfyllingarplani skal leitt í olíuskilju í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 35/1994. Styðjast skal við gildandi staðla um olíuskiljur varðandi frágang, eftirlit og viðhald. Skrá skal sérstaklega í rekstrahandbók alla vinnu við olíuskiljur og varnarþrær, þar með talið hvenær opnað, lokað, smurt og þess háttar.

2.8. Kælivatn og regnvatn

Kælivatni, regnvatni úr niðurföllum á lóð, öðrum en tiltekin er í grein nr. 2.7 skal veitt í safnræsi eða til skólphreinsistöðvar.

2.9. Skólp

Skólp frá hreinlætisaðstöðu og mótuneyti verksmiðjunnar skal leitt sér í frárennsliskerfi sveitarfélagsins.

2.10. Frárennsli frá hráefnisgeymslu

Hráefnisgeymsla verksmiðjunnar skal vera án niðurfalls. Heimilt er þó að staðsetja niðurfall sem leitt er í setþró við innkeyrslu í hráefnisgeymslu. Tryggja skal að ekki renni af gólfí í hráefnisgeymslu í þetta niðurfall t.d. með upphækkuðum kanti. Aðstaða fyrir ker undir leysiefni

sem notuð eru við skol og þrif á málningarpottum skulu vera með yfirfyllingarvörn og vera í þró án niðurfalls. Ef leysiefni fara í þró eða á gólf skulu þau þrifin upp og meðhöndlað eða fargað á viðeigandi hátt.

2.11. Ryk

Rekstraraðili skal á hverjum tíma stuðla að því að losun mengunarefna frá verksmiðjunni verði eins lítil og kostur er. Magn ryks í útblásturslofti skal ekki vera yfir 25 mg/Nm³ að meðaltali á vinnslutíma.

2.12. Losun leysiefna

Losun lífrænna leysiefna skal vera minni en sem nemur 2,5 % af heildarnotkun leysiefna og í mesta lagi 20 kg á dag.

2.13. Úrgangur

Dregið skal skipulega úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar. Spilliefni og annan úrgang sem verður til við starfsemina skal skrá í samræmi við reglugerð nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, og skila til viðurkenndrar móttöku. Á umbúðum spilliefna skulu koma fram upplýsingar um eiginleika, samsetningu og magn úrgangsins auk merkinga í samráði við spilliefnamóttökuna

2.14. Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að draga úr hávaða frá verksmiðjunni og skal hávaði vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð nr. 933/1999, um hávaða.

2.15. Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila fyrir 1. mars ár hvert yfirlit um niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. 3. kafla. Frestur til að skila inn grænu bókhaldi er þó til 1. maí ár hvert.

3. INNRA EFTIRLIT FYRIRTÆKISINS

3.1. Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með rekstarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Það skal skrá upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði.
- Tæmingu olíugildru og setþróa ásamt staðfestingu flutningsaðila eða móttökustöðvar.
- Magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Öll aðkeypt efni sem innihalda þungmálma, sem taldir eru upp í Viðauka, Listi I og II í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, með síðari breytingum. Samskonar skrá skal haldin yfir kaup og sölu á efnum sem innihalda lífræn klórefnasambönd.
- Reikna út losun leysiefna sbr. grein 2.12 út frá birgðabókhaldi.

3.2. Eftirlitsmælingar

Fylgst skal með magni ryks í útblásturslofti og svifagna í frárennsli með reglubundnum hætti í samráði við eftirlitsaðila. Mælingarnar skal gera við hámarksálag. Niðurstöður mælinganna skulu sendar til eftirlitsaðila innan mánaðar eftir að mælingar fara fram.

3.3. Viðbragðsáætlanir

Rekstraraðili skal útbúa viðbragðsáætlun til þess að taka á hugsanlegum hættum vegna bráðamengunar. Tryggja skal að starfsfólk hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Starfsfólk skal þekkja viðbragðsáætlunina. Geri hún ráð fyrir notkun sérstaks búnaðar skal tryggt að starfsfólk hafi hlotið þjálfun í notkun búnaðarins. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

3.4. Grænt bókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald og er fyrsta bókhaldsár árið 2003. Skila skal árlega niðurstöðum þess til Umhverfisstofnunar og eftirlitsaðila í samræmi við ákvæði reglugerðar 851/2002 um græn reikingskil.

4. EFTIRLIT, STARFSHÆTTIR OG UMHVERFISMÁRKMIÐ

4.1. Starfshættir

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi á umhverfið sem starfsemi fyrirtækisins veldur, þ.m.t. starfshættir, hráefnisnotkun, og meðferð afurða. Staðlað skal að góðri nýtingu hráefna og því að losun mengunarefna frá verksmiðjunni verði eins lítil og kostur er.

4.2. Markmið

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:1996 eða þáttöku í umhverfismálakerfi ESB sbr. reglugerð nr. 321/1996, eða starfa samkvæmt eigin kerfi.

4.3. Skiptireglan

Efni sem notuð eru þannig að hætta er á að þau geti valdið mengun skulu vera prófuð með tilliti til eituráhrifa, niðurbrots og uppsöfnunar í náttúrunni. Leitast skal við að skipta út efnum sem hafa skaðleg áhrif á menn og umhverfi með efnum sem eru minna skaðleg.

4.4. Umhverfi

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu.

4.5. Eftirlit

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á eftirliti með ákvæðum starfsleyfisins. Eftirlitið felur í sér reglubundnar skoðanir árlega þar sem einkum eru skoðuð þau atriði starfseminnar sem valdið geta mengun efna í vatn, loft eða jarðveg ásamt frágangi ytra umhverfis og meðferð úrgangs.

Viðbótareftirlit felst m.a. í:

- Skoðun vegna nýs búnaðar sem tekinn hefur verið í notkun eða vegna kvartana.
- Vegna sérstakra úttekta í samræmi við áætlun sem fyrirtækið gerir um úrbætur.

4.6. Tilkynning vegna mengunarslysa og bilana

Verði bilun, óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Slík atvik skal tilkynna til eftirlitsaðila sem metur hvort þörf sé frekari aðgerða. Einnig skal tilkynna Umhverfisstofnun um slík tilfelli ef hættu er á bráðamengun. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar.

5. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð skv. fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Fyrirtækið greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá eftirlitsaðila. Gjald vegna viðbótareftirlits greiðist sérstaklega skv. gjaldskrá eftirlitsaðila.

6. GILDISTAKA.

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast gildi þegar útgáfa og gildistaka þess hefur verið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Starfsleyfið gildir til **1. febrúar 2016** og skal endurskoðað að jafnaði á fjögurra ára fresti. Starfsleyfi verksmiðjunnar frá 29. júní 1998 fellur úr gildi við útgáfu starfsleyfis þessa.

Reykjavík 30. desember 2003

Umhverfisstofnun